



Félag löggiltra  
endurskoðenda

Reykjavík 26. nóvember 2018  
Tilvísun FLE 15-2018

**Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
b/t Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur**

**Málefni: Frumvarp til laga um endurskoðendur og endurskoðun, 312 mál.**

Framangreint frumvarp hefur verið lagt fyrir Alþingi. Álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðanda (FLE) hefur tekið frumvarpið til skoðunar og vill koma eftirfarandi á framfæri:

FLE vill byrja á að þakka fyrir það góða samstarf sem haft var við undirbúning frumvarpsins en fulltrúar frá FLE, Endurskoðunarráði og Fjármálaeftirlitinu hafa allt frá árinu 2015 setið fundi í ráðuneytinu þar sem allar greinar frumvarpsins voru ræddar.

Eins og fram kemur um málsefnið á samráðsgáttinni þar sem drög að frumvarpinu voru kynnt er það lagt fram í þeim tilgangi að skýra þær kröfur sem gerðar eru til endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja og innleiða breytingar í samræmi við kröfur sem gerðar eru til endurskoðenda með breytingu á Evróputilskipun endurskoðenda og reglugerð um endurskoðun á einingum tengdar almannahagsmunum.

Nú þegar hafa öll ríki Evrópusambandsins innleitt tilskipunina og reglugerðina og fagnar FLE því að frumvarpsdrögin gera ráð fyrir að innleiðingin hér á landi verði í takti við framkvæmdina í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við.

Mikilvægt er að þær reglur sem um endurskoðun gilda séu sem líkastar því sem gerist í kringum okkur og að ekki sé um séríslenskar reglur að ræða. Slíkt flækir samstarf á milli landa og er ekki til þess fallið að auka tiltrú á íslensku viðskiptaumhverfi gagnvart erlendum lánastofnunum eða fjárfestum.

Í því sambandi fagnar FLE því jafnframt að hin séríslenska regla um fimm ára ráðningartíma endurskoðenda fjármálafyrirtækja sé afnumin á sama tíma og ný lög taka gildi, eins og fram kemur í 56. grein frumvarpsins en sú regla hefur verið íþyngjandi bæði fyrir endurskoðendur og félögin sjálf. Engar rannsóknir fyrirbyggjandi sem benda til þess að styttri starfstími endurskoðenda auki gæði í endurskoðun. Í þessu samhengi vill FLE benda á að sambærilegt ákvæði er í 4. málsgrein 70. greinar laga um váttryggingastarfsemi (100/2016). FLE leggur til að samskonar breyting verði gerð lögum um váttryggingastarfsemi.

## **Góð endurskoðunarvenja – Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar**

Með frumvarpinu er felld niður sú skylda sem er í núgildandi lögum að endurskoðun sé framkvæmd í samræmi við Alþjóðlega endurskoðunarstaðla og í staðin er í 14. gr. frumvarpsins gerð krafa um að endurskoðendur skuli rækja störf sín í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Í greinargerð með frumvarpinu um 14. gr. er síðan umfjöllun um hvað geti talist góð endurskoðunarvenja:

*„Góð endurskoðunarvenja er þekkt hugtak á Norðurlöndunum og við útfærslu á þessu hugtaki í frumvarpinu var litið til norrænna skilgreininga. Góð endurskoðunarvenja er faglegt viðmið sem á að tryggja að verkefni séu unnin á faglegan hátt í samræmi við lög og viðurkennt verklag endurskoðunarstéttarinnar og skal ná utan um sibreytilegt umhverfi endurskoðenda. Góða endurskoðunarvenju verður að túlka í samræmi við þær kröfur sem er að finna í lögum, reglum og stöðlum á hverjum tíma og það efni sem kennt er í háskólum og lagt er til grundvallar löggildingarprófum endurskoðenda.“*

FLE telur að hér sé um afturför sé að ræða þar sem ekki sé lengur gert ráð fyrir að bein lagakrafa sé til staðar um að farið sé að Alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum. Sá munur er á Íslandi og löndunum í kringum okkur að þar hafa Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar verið þýddir og engin óvissa ríkir um að þeir séu það sem vísað er til sem góðrar endurskoðunarvenju í lögum. Á hinum Norðurlöndunum er fjöldi félagsmanna það mikill í fagfélögunum að þau félög hafa burði til að standa að þýðingu staðlanna en sú er ekki raunin hér á landi.

Mikilvægt er að halda því til haga í allri umræðu að ekki sé ætlunin með frumvarpinu að minnka kröfur sem gerðar eru um endurskoðun heldur þvert á móti er verið að lögfesta meginhugsun staðlanna beint inn í lagatextann en áfram er litið svo á að Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar séu það sem telst góð endurskoðunarvenja.

Réttaróvissa hefur ríkt um gildi Alþjóðlegra endurskoðunarstaðla hér á landi sem þeir hafa ekki verið teknir upp með beinum hætti í íslenskan rétt og þýddir. Þetta hefur meðal annars haft þær afleiðingar að erfiðlega hefur gengið fyrir eftirlitsaðila að framfylgja því við gæðaeftirlit að endurskoðað hafi verið í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Hætt er við að enn verði til staðar lagaleg óvissa þegar túlkun á hvað felst í hugtakinu „góð endurskoðunarvenja“ er eina viðmiðið. Þessi staða er bagaleg svo ekki sé meira sagt.

Í greinargerðinni sem fylgir frumvarpinu segir um 1. gr.:

*„Í greininni er sett fram markmið frumvarpsins um að tryggja að um störf endurskoðenda og endurskoðunarfyrirtækja gildi skýrar reglur í því skyni að auka traust á ársreikningum og samstæðureikningsskilum endurskoðaðra eininga.“*

FLE tekur undir þetta markmið og telur afar mikilvægt að ekki ríki óvissa um reglur þær sem endurskoðendum á Íslandi ber að fylgja. Að óbreyttu leiðir þetta til þess að lesendur reikningsskila og áritunar endurskoðenda munu vera í óvissu um þau viðmið sem lögð eru til grundvallar endurskoðun sem mun ekki leiða til aukins traust á reikningsskilum og endurskoðun heldur þvert á móti.

FLE hvetur því til þess að ráðuneytið stuðli að því að Alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar verði þýddir og verði þar með sá grundvöllur sem vísa má til

sem góðrar endurskoðunarvenju. Það mun draga úr þeirri óvissu um þær aðferðir sem endurskoðun á Íslandi byggir á.

Óháð mögulegri þýðingu alþjóðlegu endurskoðunarstaðlanna telur nefndin mikilvægt að vilji löggjafans sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu hvað varðar 14. grein komi fram í sjálfum lagatextanum. Leggur FLE því til að eftirfarandi setning verði bætt við fyrstu málsgrein 14. greinar eða sem skilgreining í 2. grein frumvarpsins :

*Góða endurskoðunarvenju verður að túlka í samræmi við þær kröfur sem er að finna í lögum, reglum og alþjóðlegum stöðlum á hverjum tíma og það efni sem kennt er í íslenskum háskólum og lagt er til grundvallar löggildingarprófum endurskoðenda hér á landi.*

### **Þýðing á reglugerð**

Samhliða frumvarpinu tekur gildi reglugerð Evrópuþingsins og -ráðsins (ESB) 537/2014 um endurskoðun á einingum tengdar almannahagsmunum. Reglugerðin er innleidd á þann hátt að hún er þýdd í heild sinni. FLE vill koma því á framfæri að við þýðingu reglugerðarinnar var ekki stuðst við þann orðaforða og málvenjur sem viðhafðar eru í endurskoðunarstéttinni og er því oft vandkvæðum bundið að átta sig á því hvað við er átt nema með því að fletta upp í frumtextanum. FLE telur þetta bagalegt og telur betra að farið hefði verið að tillögum um orðanotkun sem endurskoðendur komu á framfæri við drög að þýðingunni.

Fyrirliggjandi eru tillögur um orðanotkun frá reyndum löggiltum endurskoðanda sem ekki var orðið við og leggur FLE til þess að þeirri ákvörðun verði breytt.

### **Siðareglur**

Í núgildandi lögum um endurskoðendur er þeim gert skylt að hlíta siðareglum Félags löggiltra endurskoðenda. FLE hefur gefið út siðareglur sem byggja á siðareglum Alþjóðasambands endurskoðenda (IFAC). Var það meðal annars vegna lagaskyldu að Félag löggiltra endurskoðenda myndi setja og viðhalda siðareglunum. Í frumvarpinu núna er áfram gerð krafa um að endurskoðendur fylgi siðareglum en ekki vísað í hverjar þær eru. Ekki er hægt að gera kröfur til þess að FLE viðhaldi siðareglum sem engin krafa er um að verði fylgt.

Að mati FLE er um afturför að ræða og mun skapast sama óvissa og um Alþjóðlega endurskoðunarstaðla, þ.e. eftir hvaða siðareglum endurskoðendum ber að fara, hver setur þær og viðheldur þeim og að þær hafi þá lagastoð sem þarf til fylgja eftir notkun þeirra.

FLE hvetur því til þess að siðareglur IFAC verði innleiddar með beinum hætti inn í lögina og þær þýddar.

### **Löggiltur endurskoðandi**

Mikilvægt er að starfsheiti endurskoðenda sé lögverndað svo aðilar geti áttað sig á bakgrunni þeirra sem hafa rétt til að bera það. Að sama skapi er mikilvægt að þeir aðilar sem hafa menntað sig til endurskoðunar og staðist löggildingarpróf að

viðkomandi geti gert grein fyrir þeim bakgrunni sínum án þess að fara á svig við lög. Þeim aðilum fjölgar stöðugt sem hlotið hafa löggildingu í endurskoðun og starfa utan endurskoðunarfyrtækja.

Það hefur verið vöntun á góðu orði sem hægt er að nota fyrir þá sem hlotið hafa löggildingu til endurskoðunar en síðar kosið að leggja inn réttindi sín. Þessi umræða er ekki ný af nálinni og mikilvægt að ráða á þessu bót.

FLE leggur til að á þessu verði ráðin bót þannig að alls staðar í lögum og reglugerðum verði talað um *löggiltan endurskoðanda* þegar vísað er til þeirra sem eru með virk réttindi til endurskoðunarstarfa en þeim aðilum sem öðlast hafa rétt til endurskoðunarstarfa og síðar lagt þau inn verð heimilt að nota starfsheitið *endurskoðandi*. Mikilvægt er að samhliða þessu verði gerðar breytingar á öðrum lögum þar sem krafist er aðkomu endurskoðanda og því breytt í löggiltur endurskoðandi.

### **Eftirlitsaðili**

Við innleiðinguna á Evrópureglunum eru gerðar þær breytingar á lögnum að eftirlit með endurskoðendum verður fært til Fjármálaeftirlitsins.

FLE hefur áhyggjur af því að við þá yfirfærslu muni álögur á endurskoðenduraukast í formi aukins gjalds fyrir gæðaeftirlit en skv. frumvarpinu er Fjármálaeftirlitinu heimilt að innheimta eftirlitsgjald af endurskoðendum til að standa undir kostnaði við eftirlitið. Kostnaður endurskoðenda, m.a. við endurmenntun, gæðaeftirlit og starfsábyrgðatryggingar er nú þegar verulegur og ekki á það bætandi og er hætt á að nýliðun í stéttinni muni minnka verulega ef álögur aukast.

Eftir á að koma í ljós hvernig mun ganga að finna aðila með reynslu til að sinna eftirlitinu en hætt er við að það verði vandkvæðum bundið og það verði óreyndir aðilar sem þurfi að sinna því til að byrja með.

FLE telur að betur færi á að eftirlit með endurskoðendum væri í höndum sérstakrar stofnunar (Viðskiptastofnun) sem jafnframt gæti annast eftirlit með lögum um ársreikninga, hlutafélög og einkahlutafélög svo dæmi séu tekin. Með þessum hætti telur nefndin að grundvöllur sé kominn fyrir faglegum eftirlitsaðila.

## Viðurlagakafli

Í frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir að ágreiningi um framkvæmd, niðurstöðu eða gjaldtöku fyrir gæðaeftirlit sé hægt að vísa annað en til dómsstóla og telur Alitsnefndin það bagalegt. FLE telur einnig að skylda hvíli á Alþingi við innleiðinguna að tryggja að aðilar geti áfrýjað ákvörðunum eftirlitsaðilans sbr. grein 30d í tilskipuninni þar sem fram kemur að:

*“Member States shall ensure that decisions taken by the competent authority in accordance with this Directive and Regulation (EU) No 537/2014 are subject to a right of appeal.”*

Í ljósi ofanritaðs leggur FLE því til að skipað verði „Fagråd endurskoðenda“ til að skera úr um ágreining á milli eftirlitsaðilans annars vegar og þess sem sætir eftirlitinu hins vegar. Fyrirkomulag ráðsins gæti að öðru leiti verið svipað og hjá Reikningsskilaráði samkvæmt XI. kafla laga um ársreikninga ( 3/2006).


Slíkt ráð gæti haft það hlutverk að vera ráðgefandi og gefa álit hvað teljist góð endurskoðunarvenja og settar siðareglur á hverjum tíma með því að fylgjast náið með framvindu mála á alþjóðlegum vettvangi. Slíkt ráð gæti svo jafnframt haft það hlutverk að leita leiða þannig að ekki léki vafi á gildi alþjóðlegra endurskoðunarstaðla og siðareglna hér á landi, hvort heldur væri með þýðingu þeirra eða með öðrum hætti.

Kostnaður við ráðið yrði borinn af ríkissjóði með sambærilegum hætti og hvað varðar Reikningsskilaráð í dag, enda telur FLE eðlilegt að ríkissjóður beri hluta af þessum kostnaði til að viðhalda virku atvinnulífi.

FLE vonar að ofangreindar tillögur nái fram að ganga þrátt fyrir að þær feli í sér kostnað, m.a. við þýðingar en hann er að mati félagsins óhjákvæmilegur fylgifyiskur þess að halda í íslenska tungu. Eins má halda því fram að kostnaður við ofangreindar þýðingar auk kostnaðar við „Fagråd endurskoðenda“ sé afar lítill í ljósi mikilvægis gagnsæis og trausts í íslensku viðskiptalífi.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags löggiltra endurskoðenda



Sigurður B. Arnþórsson  
Framkvæmdastjóri FLE